

11. gr.

Reglugerð þessi, sem selt er skv. 2. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 7 frá 13. mars 1974, sbr. og 5. gr. laga nr. 36 frá 23. maí 1975, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 22. nóvember 1976.

Matthías Á. Mathiesen.

Jón Sigurðsson.

15. nóvember 1976.

Nr. 399.

AUGLÝSING

um skipulag í Reykjahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964 ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 skuli ná til Reykjahrepps, að undanskyldum nauðsynlegum bygg-ingum á lögbýlum.

Félagsmálaráðuneytið, 15. nóvember 1976.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

18. nóvember 1976.

Nr. 400.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á spærlings- og kolmunnamjöli fyrir tímabilið 1. nóvember til 31. desember 1976.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á spærlings- og kolmunnamjöli fyrir tímabilið 1. nóvember til 31. desember 1976:

Spærlingsmjöl \$ 6.10 á próteineiningu í lest.

Kolmunnamjöl \$ 6.10 á próteineiningu í lest.

Verðbil verður 14.5%, miðað við verðhækkun eingöngu.

Verðin miðast við Cif., og gerast upp á viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar, \$1 = 189.50.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðibili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Sjávarútvegsráðuneytið, 18. nóvember 1976.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.